

## REGLUGERÐ

### um (3.) breytingu á reglugerð nr. 1077/2006 um ávísanir tannlækna á lyf.

#### 1. gr.

Orðin „vegna verksviðs tannlæknis sbr. 6. gr. laga um tannlækningar nr. 38/1985,“ í 1. gr. falla á brott.

#### 2. gr.

2. gr., ásamt fyrirsögn, orðast svo:

#### **Lyf, sem tannlæknar mega ávísa sjúklingum og til nota í starfi.**

Tannlæknum er heimilt að ávísa sjúklingum sínum og til notkunar við störf sín, eftirfarandi lyfjum, að undanskildum lyfjum sem eru S- eða Z-merkt í sérlyfjaskrá:

- Lyfjum til staðbundinnar verkunar á eða í tönnum eða aðliggjandi vef eða munnslímhimum.
- Lyfjum í þeim lyfjaflokkum, sbr. ATC flokkakerfi (Anatomical-Therapeutical-Chemical classification), sem tilgreindir eru í fylgiskjali 1 með reglugerð þessari.

Þá skal tannlæknum heimilt að ávísa saltvatnslausnum í ATC flokki B05BB01 (elektrólýtar) þrátt fyrir S-merkingu.

#### 3. gr.

3. gr., ásamt fyrirsögn, orðast svo:

#### **Eftirritunarskyld lyf, sem tannlæknar mega ávísa.**

Tannlæknum er heimilt að ávísa þeim eftirritunarskyldu lyfjum sem tilgreind eru í fylgiskjali 2 með reglugerð þessari og skulu þeir halda sérstaka skrá yfir notkun eftirritunarskyldra lyfja.

#### 4. gr.

4. gr., ásamt fyrirsögn, orðast svo:

#### **Undanþágur.**

Tannlæknir getur sótt um undanþágu frá ákvæðum 2. gr. Ráðuneytinu er heimilt að veita tannlækni með sérfræðileyfi eða sérstaka þekkingu og reynslu, undanþágu til að ávísa lyfjum, öðrum en þeim sem tilgreind eru í þessari reglugerð, að fenginni umsögn Embættis landlæknis og Lyfjastofnunar.

#### 5. gr.

Við reglugerðina bætast tvö ný fylgiskjöl, fylgiskjal 1 og fylgiskjal 2, svohljóðandi:  
Fylgiskjal 1.

ATC Flokkur	ATC Heiti	Takmörkun
A01	Munn- og tannlyf	
A03BA01	Atrópín	
A03F	Lyf sem hraða magatæmingu	
A04A	Lyf við uppköstum og lyf við ógleði	
A07AA	Sýklalyf (antibiotics)	
B01AB	Heparín-hópurinn	
B02A	Storkusundrunarhemlar	
B02B	Vítamín K og önnur blæðingarlyf	
B03	Blóðleysislyf	
B05BB01	Elektrólýtar	
B05C	Skolvökvar	

C01CA24	Adrenalín (epinephrinum INN)	
D01A	Sveppalyf til staðbundinnar útvortis notkunar	
D04AB	Staðeyfilyf til staðbundinnar útvortis notkunar	
D06	Sýklalyf við húðsjúkdómum	
D07	Barksterar, húðlyf	
D09AA	Lyfjalín með sýkingalyfjum	
D11AH01	Takrólímus	
D11AH02	Pímekrómlímus	
H02AB	Sykursterar	
H04AA	Blóðsykurshækkandi lyf (glycogenolytic hormones)	
J01	Bakteriulyf til altækrar notkunar (systemic use)	
J02A	Sveppasýkingalyf til altækrar notkunar (systemic use)	
J05AB	Núkleósíð og núkleótíð að undanskildum bakritahemlum	
J07AM	Stífkrampabóluefni	
M01A	Bólgueyðandi lyf og gigtarlyf, ekki sterar	
M02	Lyf til staðbundinnar útvortis notkunar við lið- og vöðvaverkjum	
M03BA	Karbamínsýruestrar	
M03BC	Etrar, efnafræðilega skyldir andhistamínnum	
M03BX	Önnur lyf sem verka á miðtaugakerfið	
N01B	Staðeyfilyf	
N02AJ	Ópíóíðar í blöndu með verkjalyfjum sem ekki eru ópíóíðar	
N02B	Önnur verkjalyf og hitalækkandi lyf	
N05B	Róandi og kvíðastillandi lyf	Í afmældum skömmtum og minnstu markaðssettu pakkningastærð í senn, nema eftirritunarskyld lyf
N05C	Svefnlyf og róandi lyf	Í afmældum skömmtum og minnstu markaðssettu pakkningastærð í senn, nema eftirritunarskyld lyf
N07BA	Lyf gegn nikótínfíkn	
P01AB	Nítróímadazólafleiður	
R01A	Lyf við nefstíflu og önnur neflyf til staðbundinnar notkunar	
R01B	Neflyf við nefstíflu til altækrar notkunar (systemic use)	
R02A	Hálslyf	

R03AC	Sértæk beta2-adrenvirk lyf	
R05	Hósta- og kveflyf	
R06	Andhistamín til altækrar notkunar (systemic use)	
S01A	Sýkingalyf	
S01B	Bólgueyðandi lyf	
S01C	Bólgueyðandi lyf og sýkingalyf í blöndu	
S02C	Barksterar og sýkingalyf í blöndu	
S02D	Önnur eyrnalyf	
S03C	Barksterar og sýkingalyf í blöndu	
V03AB	Lyf gegn eitrunum	
V07AB	Leysi- og þynningarvökvar þ.m.t. skolvökvar	

## Fylgiskjal 2.

ATC flokkur	ATC heiti	Hámarks magn á lyfseðli
N02AA01	Morfín	20 lykjur af stungulyfi til nota í starfi
N02AB02	Pethidinum	20 lykjur af stungulyfi til nota í starfi
N02AG02	Cetóbemídon og krampalosandi lyf	20 lykjur af stungulyfi til nota í starfi
N02AX02	Tramadól	Í minnstu markaðssettu pakkningastærð

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 12. gr. og 50. gr. lyfjalaga, nr. 93/1994, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Velferðarráðuneytinu xx. júní 2018.*

**Svandís Svavarsdóttir**  
heilbrigðisráðherra.

\_\_\_\_\_  
*Áslaug Einarsdóttir.*

Nr.

2018

B-deild – Útgáfud.: xx 2018